

Fundur stjórnar foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar, miðvikudaginn 1. mars 2017

Mættar voru: Hugborg Inga Harðardóttir, formaður, Telma Björk Birkisdóttir, gjaldkeri, Guðrún Þorvaldsdóttir, Björk Óladóttir, Diljá Helgadóttir, Rut Viðarsdóttir, Ríkey Sigurbjörnsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Katrín Freysdóttir, ritari.

1. Fræðslufundur um forvarnir sem haldin var 22. febrúar
Almenn ánægju er með fundina, bæði hjá foreldrum og börnum sem fengu fræðslu hjá Magnúsi Stefánssyni. Foreldrafélaginu sýnist brýn þörf á fræðslu af þessum toga og stefnir á að bjóða upp á fundi/fræðslu af svipuðum toga, annað hvert ár. Ákveðið var að senda tölvupóst til allra foreldra barna í Grunnskóla Fjallabyggðar, með upplýsingum um fundinn, ásamt tenglum inn á síður Magnúsar, þar sem foreldrar geta sótt sér upplýsingar eða leitað aðstoðar. Einnig var ákveðið að óska eftir ábendingum frá foreldrum um hentugri fundardag/fundartíma, í þeirri vona að auka mætingu foreldra á þá fundi/fræðslu sem í boði eru.
2. Í framhaldi af beiðni foreldrafélagsins um uppsetningu vindhraðamælis á Saurbæjarás, minnisblað frá fundi með Vegagerð Ríkisins. Þar kemur fram að vegagerðin telji ekki brýnt að setja upp vindhraðamæli, heldur bendir Heimir Gunnarsson, starfsmaður vegagerðarinnar, á vef veðurstofu Íslands, þar sem er vindaspá sem sýnir spá 30 mínútur fram í tímann. Foreldrafélagið telur þetta ekki nægjanlegar ráðstafanir, því var ákveðið að senda inn athugasemd til bæjarráðs þar sem ítrekuð er ósk um vindhraðamæli.
3. Unnið að ályktun um Fræðslustefnu Fjallabyggðar. Ályktunin send til bæjarráðs.

Fleira ekki gert, fundið slitið kl. 18.

Katrín Freysdóttir, ritari